

kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola: fasteigninni Lambhaga 8, Selfossi. Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 211/1982. **Alexander Sigurðsson**
 gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. október 1982, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar dómsins og kærumálskostnaðar.

Í héraðsdómsstefnu er stefnufjárhæð tilgreind í krónum og sundurliðuð tölulega að öðru leyti en því, að fjárhæð vaxta þeirra, sem stefnukrafan tekur til, er ekki tilgreind sérstaklega. Á dómþingi 21. júní 1982 kom fram töluleg sundurliðun allra þátta dómkröfunnar, og lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að ekki væri neinn tölulegur ágreiningur í málinu. Í stefnu segir, að sóknaraðili hafi „greitt umrædda dómskuld ásamt öðrum“. Á fyrrgreindu dómþingi lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að ágreiningslaust væri, að sóknaraðili hefði greitt varnaraðilja stefnufjárhæðina. Af stefnu má vera ljóst, að um er að ræða endurheimtu kröfu reista á því, að varnaraðili hafi innheimt vixilkröfu hjá sókn-

araðilja án lögmætrar heimildar, þar sem engin skuld hafi verið á hlaupareikningi þeim, er víxillinn átti að vera til tryggingar fyrir. Í stefnu eru talin þau gögn, endurrit af hlaupareikningi þessum, er stefnandi telur styðja kröfu sína. Í greinargerð eru síðan talin skjöl þau, er sóknaraðili lagði fram við þingfestingu málsins, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981. Í stefnu er ekki getið um, að yfirheyra eigi vitni eða aðilja, enda ekki í ljós leitt, að sóknaraðili hafi talið ástæðu til þess, er hann höfðaði málið. Á dómþingi 27. maí 1982 er hins vegar bókað í þingbók, að málinu sé frestað til tiltekens dags og gert sé ráð fyrir, að stefnandi og fyrirsvarsmaður stefnda gefi þá aðiljaskýrslur. Færi því næst fram munnlegur málflutningur.

Af því, sem nú er rakið, má á það fallast, að nokkuð hafi skort á, að héraðsdómsstefna væri svo skýr sem áskilið er í 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981. Þegar þess er hins vegar gætt, að sótt var þing af hálfu varnaraðilja við þingfestingu málsins og jafnan síðar og engum athugasemdum hreyft við málatilbúnað sóknaraðilja, og ákveðinn hafði verið munnlegur flutningur málsins, þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi málsreifunar í stefnu. Dómari tekur afstöðu til þess við efnisdóm í málinu, ef til kemur, hvort sóknaraðili byggji á málsástæðum, sem ekki hafi verið hafðar uppi, jafnskjótt og tilefni var til, sbr. 4. mgr. 110., sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 33. og 34. gr. laga 28/1981.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardómur úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. september sl., hefur Alexander Sigurðsson forstjóri, Sogavegi 138, Reykjavík, nnr. 0224—8506, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. febrúar sl., á hendur Lúðvík Jósefssyni, nnr. 6188—3428, formanni bankaráðs Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, f. h. bankans.

Í málinu gerir stefnandi kröfu um endurheimtu greiðslu að fjárhæð samtals kr. 16.249.00 með dómvöxtum frá 1. október 1981 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum og reikningi um útlagðan kostnað (þannig).

Af hálfu stefnda er sótt þing. Kröfur eru gerðar um sýknu af öllum kröfum stefnanda og til málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málsatvik eru þau, að stefnandi lagði á sínum tíma inn víxil með nafni sínu á til tryggingar endurgreiðslu umsamins yfirdráttar á hlaupareikningi nr. 12402 við Landsbankann vegna Stálvirkjans h/f í Reykjavík, en hann var forstjóri þess fyrir-tækis. Vixillinn var að fjárhæð gkr. 1.000.000, útgefinn 26. janúar 1977 af stefnanda og samþykktur af Stálvirkjanum h/f til greiðslu við sýningu í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Ábekingur voru útgefandi og Sigurður Guðbrandsson. Þann 29. nóvember 1977 var víxillinn sýndur til greiðslu í afgreiðslusal Landsbanka Íslands. Þar var enginn, sem vildi innleysa víxillinn, og var hann þá afsagður. Landsbanki Íslands höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 10. febrúar 1978, á hendur stefnanda, Alexander Sigurðssyni, og Sigurði Guðbrandssyni, Sogavegi 138, Reykjavík, sem ásamt stefnanda var ábekingur á víxlinum. Dómi var lokið á það mál þann 16. maí 1978, og voru þeir Alexander og Sigurður dæmdir in solidum til að greiða Landsbankanum upphæð víxilsins með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, gkr. 1.900 í afsagnarkostnað og gkr. 235.000 í málskostnað. Stefnandi vildi ekki una dómi þessum og áfrýjaði honum til Hæstaréttar, þar sem dómur gekk í málinu þann 6. nóvember 1979. Þar var undirréttardómurinn staðfestur óbreyttur, en auk þess voru Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson dæmdir til að greiða Landsbanka Íslands óskipt gkr. 250.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefnandi heldur því fram, að víxillinn hafi verið áritaður þannig: „Tryggingarvixill v/hlr. 12402“. Þá segir hann Landsbanka Íslands hafa haldið því fram í fyrrnefndum málaferlum, að skuld hafi verið á hlaupareikningi nr. 12402 að fjárhæð gkr. 1.110.957 og því væri innheimtan réttmæt, en samt mótmælt öllum málsástæðum, sem ekki ættu stoð í 17. kafla laga nr. 85/1936. Skuldin á hlaupareikningi 12402 hafi verið byggð á yfirliti reikningsins.

Með bréfum, dags. 1. apríl og 26. ágúst 1981, hafi Landsbankinn verið krafinn um frekari upplýsingar um þessi viðskipti. Þá hafi lögmanni stefnanda Alexanders, líklega í júní, borist ljósrít reikningsyfirlits téðs hlaupareiknings. Þar sé blað nr. 10, dags. 31. ágúst 1977, með saldó 1.110.957.00, en einnig blað nr. 11, dags. 30. september 1977, með saldó 0. Þar sé áritað með penna af hendi starfsmanns stefnda, þ. e. bankans, „fé til innheimtu. Depitorar í lögfræðingadeild“. Þarna sé um að ræða þrjár millifærslur án vitundar Alexanders, sem kvitti reikninginn út þann 30. september 1977. Málið sé engu að síður höfðað þann 14. febrúar 1978 þrátt fyrir áritun. Af þessu leiði, að umrætt bæjarþingsmál sé höfðað með rangindum og þá einnig vörnum í Hæstarétti. Reikningsyfirlitsblað nr. 11 hafi stefnanda Alexander verið dulið þar til í sumar sl. Stefnandi hafi greitt verulegar fjárhæðir til Landsbankans vegna ýmissa mála, þ. á m. þá stærstu, sem enn sé undir áfrýjun. Hann hafi ekki fengið nema á conto kvittanir almennt og staðið verulega á því að fá ljósrít slíkra kvittana eða uppgjör hæstaréttarmálsins. Því verði að geta sér til um vaxtagreiðslur. Hér sé því um að tefla siðlaust athæfi af hálfu ríkisbanka. Síðan segir: „Af framansögðu er ljóst, að stefnandi, sem sjálfur hefur greitt umrædda dómskuld, ásamt öðrum, á fullan endurkröfurétt á hendur stefnda vegna misbrúkunar á víxilrétti og haldsrétti á víxli þeim, sem var grundvöllur kröfunnar. Að öðru leyti eru viðskiptahættir stefnda við stefnanda vafasamir og hafa verið kærðir, en ríkissaksóknari sá ekki ástæðu til málshöfðunar.“

Það, sem hér hefur verið rakið, er málsútlitun stefnanda í stefnu. Í greinargerð hans er því til frekari áréttingar haldið fram, að hann hafi borið fyrir sig við meðferð bæjarþingsmálsins út af umdeildum víxli og hæstaréttarmálsins, að engin skuld væri eða ætti að vera á hlaupareikningi 12402, en stefndi hafi synjað um, að þessi vörn kæmist að. Það er áréttað, að blað nr. 11, dags. 30. september 1977, sýni enga skuld á reikningnum.

Þá er það áréttað, að stefnandi hafi sjálfur og einn greitt að fullu stefnukröfur. Þá er skorað á stefnda að leggja fram kvittanir sínar.

Af hálfu Landsbanka Íslands er því haldið fram, að þegar heimildin fyrir yfirdrættinum rann út, hafi Stálvirkinn h/f ekki greitt umsaminn yfirdrátt og hlaupareikningnum hafi formlega verið lokað 21. september 1977. Þann dag hafi skuldin á hlaupareikningnum 12402 verið millifærð í tvennu lagi á sérstakan innheimtureikning í lögfræðingadeild bankans með nafninu „depetorar“. Stefnandi hafi verið krafinn um greiðslu víxilsins, en án árangurs. Mál hafi verið höfðað gegn honum, sem lokið hafi verið með dómsuppkvaðningu þann 16. maí 1978. Sá dómur hafi verið staðfestur í Hæstarétti. Stefnandi hafi ekki enn greitt skuld þá, sem mál þetta sé risið af. Hann hafi ekki lagt fram gögn öðru til stuðnings. Færsla milli reikninga innan bankans leysi ekki skuldar- og ábyrgðaraðilja undan greiðsluskyldum. Innheimta vanskilanna byggji á óleyfilegum yfirdrætti hlaupareiknings, sem tryggður hafi verið með löglegu viðskiptaskjali, víxli. Brot á samningi milli Landsbankans og Stálvirkjans h/f hafi leitt til þess, að ábyrgð stefnanda á yfirdrætti hlaupareiknings 12402 hafi orðið virk. Stefnandi Alexander hafi afhent Landsbankanum umrædda tryggingu og auðkennt trygginguna með sérstakri áritun. Þannig hafi verið komið beint sammingsréttarsamband milli stefnanda og stefnda, sem stefnda hafi verið heimilt að hagnýta sér, eftir að ákveðin skilyrði voru fram komin. Síðan telur stefndi upp þau sönnunargögn, sem hann byggir á.

Eftir að stefndi hafði skilað inn frumgögnum til varnar í málinu, fór það til úthlutunar og síðan til meðferðar sérstaks borgardómara. Eftir að nokkrum sinnum hafði verið þingað í málinu, og frekari gagnaöflun hafði farið fram, sagði sá dómari sig frá málinu með samþykki lögmannna, og var því endurúthlutað.

Dómara málsins þótti, þá er hann tók við því, rétt að kalla lögmennt fyrir sig, reyna sættir og gefa lögmonnum kost á að tjá sig um, hvort vísa ætti málinu frá ex officio. Var svo gert í þinghaldi 27. september sl., og benti dómarrinn lögmonnum þá sérstaklega á ákvæði 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim var breytt með lögum nr. 28/1981, en mál þetta var þingfest eftir gildistöku þeirra laga 1. janúar 1982.

Lögmaður stefnanda óskaði þá bókað, að hann mótmælti því, að málinu yrði vísað sjálfkrafa frá dómi, og benti á, að þrisvar

hefði verið þingað í málinu að stefnanda viðstöddum. Í þeim þinghöldum hafi ítarlega verið fjallað um málið, m. a. um áskoranir af hálfu dómarsins og stefnanda um framlagningu gagna. Stefndi hafi orðið við þeim áskorunum þann 28. júní sl. með framlagningu skjala nr. 18—23. Skjöl þessi hafi ekki verið stefnanda áður tiltæk. Af þessu hafi leitt nýja málsástæðu stefnanda, sem sé nátengd þeirri málsástæðu, sem sett sé fram í stefnu og greinargerð, þ. e. að skuldfærsla bankans á viðkomandi hlaupareikningi sé jafnframt ólögmet vegna 20. gr. reglugerðar nr. 30/1962. Af þessu leiði, að nú hafi verið úr því bætt, þótt eitthvað kunni að hafa á skort í upphafi, að fylgt væri ákvæðum 88. gr. einkamálalaga um málaltilbúnað stefnanda.

Lögmaður stefnda kvaðst á hinn bóginn samþykkur því, að málinu yrði vísað sjálfkrafa frá dómi, og kvaðst gera kröfu um frávisun, teldi dómurinn, að ekki ætti að vísa málinu frá sjálfkrafa. Hann benti á, að sóknargögn uppfylltu ekki kröfur d, e og f liða 88. gr. laga nr. 85/1936, eins og greininni var breytt með lögum nr. 28/1981. Þá skýrði lögmaðurinn svo frá, að hann hefði nú nýverið tekið við málinu og fundið það mjög óaðgengilegt. Málaltilbúnaður ætti að vera svo skýr, að þeir, sem ekki hefðu með honum fylgst, gætu áttað sig á málinu. Hér í þinghaldinu hafi síðan komið fram ný málsástæða, sem hann hafi ekki vitað um áður og ekki getað vitað um eftir lestur skjala málsins. Í lok þinghaldsins tók dómurinn málið til úrskurðar eða dóms.

Álit dómsins.

Í stefnu vantar fullkomna skilgreiningu fyrir því, hvernig stefnufjárhæð sé fundin, kröfuupphæð stemmir ekki við ófullkomna sundurliðun.

Þar er talið, að stefnandi hafi greitt stefnufjárhæðina. Óljóst er, hvort því er haldið fram, að hann hafi greitt þessa fjárhæð ásamt öðrum fjárhæðum eða tekið þátt í greiðslunni ásamt einhverjum öðrum mönnum. Engin grein er gerð fyrir því, hvernig þetta gerðist, eða reynt að sundurliða, hvernig stefnandi telur sig hafa innt þessa greiðslu af hendi.

Þá eru málsástæður óljóst reifaðar. Helst er að skilja, að starfsmenn Landsbanka Íslands hafi hegðað sér á siðferðilega ámælisverðan hátt gagnvart stefnanda með því að færa skuld á hlaupareikningi nr. 12402 til innheimtu í lögfræðideild bankans.

Í stefnu eru ekki upp talin þau skjöl, sem sanna eiga greiðslu stefnanda. Þar eru ekki taldir þeir, sem yfirheyra á, eða vitnað

til framburða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, enda þótt rannsókn hafi þar verið lokið, þá er málið var höfðað.

Lagarök skortir alveg í stefnu.

Þá hefur af hálfu stefnanda verið bryddað upp á nýrri málsástæðu undir rekstri málsins. Málsástæða þessi er þó þess efnis, að hafa mátti hana uppi þegar í stefnu, þar mátti reifa hana og gera grein fyrir, hvernig sanna átti hana. Þetta sést best á því, að stefnandi skorar á stefnda að leggja fram ákveðin skjöl. Hann átti því að geta gert grein fyrir, til hvers nota átti skjölin, og gera það. Á þetta skortir verulega.

Þegar þetta allt er skoðað, þykir málatilbúnaður stefnanda svo óljós og grunnur málsins svo illa lagður, að efnismeðferð málsins verði erfiðleikum bundin, þannig að erfitt geti reynst að leggja efnisdóm á málsefnið. Rétt þykir þannig með tilvísun til d, e og f liða 88. gr. svo og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og ákvæðum þessum var breytt með lögum nr. 28/1981, að vísa málinu frá dómi.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 67/1980. **Valhöll h/f**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.